

STEF
Ársreikningur
2024

STEF
Laufásvegi 40
101 Reykjavík
kt. 620269-5739

STEF

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	2-3
Skýrsla og áritun stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðila STEFs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning STEFs fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð STEFi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi STEFs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 20. maí 2025.

Deloitte ehf.

Einar Hafliði Einarsson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og aðila STEFs

Við undirritaðir skoðunarmenn STEFs, höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2024. Við teljum hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykktu félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 20. maí 2025.

Eyjólfur Kristjánsson

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur STEFs fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

STEF eru opin félagasamtök höfunda og rétthafa um höfundarétt á sviði tónlistar. Samtökin gæta hagsmuna og höfundaréttar innlendra og erlendra tónskálda, textahöfunda, svo og annarra rétthafa tónverka og tilheyrandi texta er varða höfundarétt. Samtökin starfa á grundvelli viðurkenningar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til innheimtu höfundaréttargjalda samkvæmt höfundalögum. Þau vinna að því að efla og styrkja nýsköpun og stuðla að grósku tónlistar á Íslandi. Samtökin safna ekki eignum í eigin þágu.

Starfsemin á árinu

Tekjur STEFs námu 1.266,8 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 1224,9 millj. kr.) og hækkuðu því um 41,8 millj. kr. milli ára eða um 3,4%. Hreinar tekjur ársins 2024 námu 1.062,4 millj. kr. (2023: 1035,8 millj. kr.). Heildareignir námu 1.350,2 millj.kr. í árslok (1411,8 millj.kr. í árslok 2023). Eigið fé nam 961,5 millj. kr. í árslok (árslok 2023: 1.023,7 millj. kr.), þar af var óráðstafað eigið fé 695,2 millj. kr. (2023: 771,3 millj. kr.).

Stjórn og framkvæmdastjóri STEFs staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. maí 2025.

Í stjórn

Páll Ragnar Pálsson, formaður

Bragi Valdimar Skúlason, varaformaður

Hallur Ingólfsson

Magnús Jóhann Ragnarsson

Hildur Kristín Stefánsdóttir

Halldór Smáráson

Sóley Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Flutningsréttartekjur, innlendar		762.957.840	742.714.110
Flutningsréttartekjur, erlendar		125.969.666	146.253.741
Streymisveitur og eintakagerð		259.365.914	237.188.535
Aðrar tekjur		74.724.109	60.004.799
Sértekjur tónmenntasjóða		43.755.517	38.788.795
		1.266.773.046	1.224.949.980
Laun og launatengd gjöld	4	(177.035.287)	(159.846.288)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(43.132.954)	(34.867.957)
Annar rekstrarkostnaður		(29.023.345)	(24.407.073)
Afskrift og niðurfærsla viðskiptakrafna		(3.474.572)	(11.423.143)
Rekstrarhagnaður		1.014.106.888	994.405.519
Fjármunatekjur		48.331.641	41.406.124
Hagnaður ársins		1.062.438.529	1.035.811.643

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Fasteign	7	201.920.000	188.960.000
Húsbúnaður og tæki	7	6.256.000	6.256.000
Fjárfestingarverðbréf	8	134.031.316	129.123.007
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		1.850.227	2.919.033
		<u>344.057.543</u>	<u>327.258.040</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		291.767.911	346.633.123
Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur		39.488.518	47.922.985
Handbært fé		674.873.482	690.002.603
		<u>1.006.129.911</u>	<u>1.084.558.711</u>
Eignir		<u>1.350.187.454</u>	<u>1.411.816.751</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Endurmatsreikningur	9	158.677.378	145.717.378
Eigið fé sjóða	10	107.616.101	106.717.315
Óráðstafað eigið fé	11	695.192.409	771.318.450
Eigið fé		<u>961.485.888</u>	<u>1.023.753.143</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreidd úthlutun		347.972.855	362.986.700
Aðrar skammtímaskuldir		40.728.711	25.076.908
		<u>388.701.566</u>	<u>388.063.608</u>
Skuldir		<u>388.701.566</u>	<u>388.063.608</u>
Eigið fé og skuldir		<u>1.350.187.454</u>	<u>1.411.816.751</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur		1.309.351.482	1.036.684.336
Greiddur rekstrarkostnaður		(243.386.847)	(229.118.529)
Innborgaðar fjármunatekjur		39.920.921	35.056.085
Handbært fé frá rekstri		<u>1.105.885.556</u>	<u>842.621.892</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf og skuldabréf		4.424.035	1.731.777
		<u>4.424.035</u>	<u>1.731.777</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar úthlutanir STEFs	10	(1.030.645.636)	(757.108.251)
Greiddar ráðstafanir sjóða		(94.793.076)	(82.898.490)
		<u>(1.125.438.712)</u>	<u>(840.006.741)</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(15.129.121)	4.346.928
Handbært fé í upphafi árs		690.002.603	685.655.675
Handbært fé í lok árs		<u>674.873.482</u>	<u>690.002.603</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

STEF eru hagsmunasamtök tón- og textahöfunda á Íslandi. STEF innheimtir gjöld fyrir notkun tónlistar sem flutt er opinberlega, fyrir hönd tónhöfunda. Viðskiptavinir STEFs eru t.d. útvarps- og sjónvarpsstöðvar, tónleikahaldarar, verslanir, veitingastaðir, hárgreiðslustofur og heilsuræktarstöðvar, sem og tónlistarveitur eins og Spotify og YouTube. STEF hefur sérstaka viðurkenningu ráðuneytis menningar-, nýsköpunar- og háskólamála til að innheimta fyrir alla tónhöfunda og lýtur eftirliti ráðuneytisins skv. lögum um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019. STEF úthlutar því sem innheimt er til hlutaðeigandi réttihafa, innlendra sem erlendra. Úthlutun fer fram á grundvelli upplýsinga um hvaða verk hafa verið flutt, t.d. í útvarpi, og styðst við skráningu verka í gagnagrunnum, eftir því sem hægt er.

STEF er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili samtakanna að Laufásvegi 40, 101 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun á skrifstofu	134.401.942	124.728.416
Stjórnarlaun	8.957.008	8.260.740
Laun skoðunarmanna	271.050	243.636
	<u>143.630.000</u>	<u>133.232.792</u>
Lífeyrissjóður	18.628.706	16.308.408
Aðrir sjóðir	1.715.766	1.519.315
Tryggingagjald	10.498.387	9.482.405
Áunnið orlof, breyting	2.562.428	(696.632)
	<u>33.405.287</u>	<u>26.613.496</u>
	<u>177.035.287</u>	<u>159.846.288</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	10,7	10,5

5. Fjármunatekjur og -gjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	55.982.632	44.741.568
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	1.358.843	2.257.612
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	465.134	696.781
Gengismunur	(3.214.663)	(703.328)
Matsbreytingar fjáreigna á gangvirði	10.500.558	6.792.855
Bankakostnaður og fjármagnsgjöld	(1.274.694)	(445.560)
Fjármagnstekjuskattur	(15.486.169)	(11.933.804)
	<u>48.331.641</u>	<u>41.406.124</u>

Skýringar

6. Skattar

STEF greiðir ekki tekjuskatt en greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármunatekjum sínum. Skattar vegna reikningsársins til greiðslu á næsta ári þar sem STEF hefur þegar greitt þann skatt sem afdráttarskatt af innborguðum fjármunatekjum ársins. Fjármagnstekjuskattur vegna áunninna en óinnheimtra fjármunatekna, svo sem af matsbreytingum verðréfa, er reiknaður og færður sem skuldbinding í ársreikninginn.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Innréttingar, búnaður og tæki eru metin þannig að kostnaðarverð eigna frá fyrra. Viðbætur ársins eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Eignarhluti STEFs í fasteigninni á Laufásvegi 40 er 80%, en meðeigendurnir TÍ og FTT eiga 20%. Bókfært verð var myndað af endurmetnu stofnverð auk eignfærðs endurbótakostnaðar á árinu 2018, sem var stutt af verðmati óháðra fasteignasala. Fasteignamat er síðan talið endurspeglar markaðsvirði fasteignarinnar og þróun fasteignaverðs. Fasteignin var því endurmetin í árslok byggt á nýju fasteignamati og var endurmatshækkunin færð á endurmatshækkun meðal eigin fjár.

Hlutdeild í fasteignamati og váttryggingamati eigna árslok greinist þannig:	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	201.920.000	118.080.000
Aðrar lausafjártryggingar		21.872.743

8. Fjárfestingarverðbréf

Breyting fjárfestingareigna greinist þannig:	2024	2023
Verðbréfaeignir í ársbyrjun	135.515.809	129.276.923
Keypt / (selt) á árinu	(2.935.000)	0
Greiðslur kostnaðar og fjármagnstekjuskatts	(567.411)	(884.265)
Matsbreyting verðbréfa á árinu	10.500.557	7.123.151
Staða verðbréfaeigna í árslok	142.513.955	135.515.809
Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur í ársbyrjun	(6.392.802)	(5.379.678)
Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur á áunna ávöxtun ársins	(2.089.837)	(1.013.124)
Staða í árslok	134.031.316	129.123.007

9. Endurmatshækkun

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Endurmatshækkun í ársbyrjun	145.717.378	121.757.378
Endurmatshækkun ársins	12.960.000	23.960.000
	158.677.378	145.717.378

Skýringar

10. Eigið fé sjóða

STEF hefur umsjá og vörslu sinni sjö sjóði sem hafa hver sinn tilgang og reglur. Samkvæmt úthlutunarreglum STEFs er lagt til framlag í Menningarsjóð sem er úthlutað til menningarmála og aðrir sjóðir hafa sérstaka tekjustofna. Árið 2003 var stofnaður sérstakur sjóður, Ferðasjóður, og samkvæmt reglum hans er heimilt er að ráðstafa allt að 10% af eignum sjóðsins, miðað við hver áramót, til ferðastyrkja til handa réttihöfum og starfsfólki STEFs. Til viðbótar við stofntillag sjóðsins, og síðari sértillög, er árlegt tillag reiknað í samræmi við nettóávöxtun verðbréfasjóða STEFs, sem er ætlað að standa á bak við ferðasjóðinn. Hluti eigin fjár STEFs er bundinn þessum sjóðum og er það fært undir þessum lið efnahagsreikningsins. Breyting á stöðu sjóða 1. janúar til 31. desember og hlutdeild þeirra í eigin fé greinist þannig:

10.1. Menningarsjóður

	2024	2023
Menningarsjóður í ársbyrjun	1.706.419	4.528.281
Framlag STEFs	48.200.000	42.000.000
	<u>49.906.419</u>	<u>46.528.281</u>
Tillag til TÍ	(10.441.464)	(7.058.004)
Tillag til FTT	(10.441.464)	(7.058.004)
Framlag vegna Samtóns	(910.750)	(1.889.095)
Framlag til Samtóns vegna DÍT	(1.081.058)	(1.287.649)
Framlag til Samtóns vegna ÍTV	(5.817.576)	(6.038.150)
Framlag til Tónlistarmiðstöðvar	(2.500.000)	0
Framlag til "Vindur í seglum"	(600.000)	0
Framlag vegna ÚTÓN	0	(1.737.522)
Framlag í Upptökusjóð	(7.000.000)	(6.000.000)
Styrkir stjórnar	(1.500.000)	(1.800.000)
Framlag í Stórverkasjóð	(4.400.000)	(4.340.000)
Önnur framlög og kostnaðarþátttaka	(4.159.984)	(7.613.438)
	<u>(48.852.296)</u>	<u>(44.821.862)</u>
	<u>1.054.123</u>	<u>1.706.419</u>

10.2. Nótnasjóður

Nótnasjóður í ársbyrjun	2.109.369	3.228.641
Sértekjur frá Fjölís	9.618.857	7.815.728
	<u>11.728.226</u>	<u>11.044.369</u>
Styrkir	(10.220.000)	(8.695.000)
Nefndarlaun	(360.000)	(240.000)
	<u>(10.580.000)</u>	<u>(8.935.000)</u>
	<u>1.148.226</u>	<u>2.109.369</u>

Skýringar

10.3. Upptökusjóður

	2024	2023
Upptökusjóður í ársbyrjun	1.555.957	2.819.518
Framlag úr Menningarsjóði	7.000.000	6.000.000
Sértekjur IHM vegna kapalgeira	11.340.000	11.396.439
	<u>19.895.957</u>	<u>20.215.957</u>
Styrkir	(11.800.000)	(12.100.000)
Erlend úthlutun vegna tekna frá IHM kapalgeira	(6.050.000)	(6.080.000)
Nefndarlaun	(560.000)	(480.000)
	<u>(18.410.000)</u>	<u>(18.660.000)</u>
	<u>1.485.957</u>	<u>1.555.957</u>

10.4. Tónskáldasjóður RUV og STEfs (í umsjón RUV)

Sértekjur vegna flutningsréttar frá Rúv	16.796.660	13.576.628
Yfirfært til Tónskáldasjóðsins	(16.796.660)	(13.576.628)
	<u>0</u>	<u>0</u>

10.5. Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar2

Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöð2 í ársbyrjun	(140.000)	(90.000)
Sértekjur, framlag SÝN	3.000.000	3.000.000
Sértekjur vegna flutningsréttar frá SÝN	3.000.000	3.000.000
	<u>5.860.000</u>	<u>5.910.000</u>
Styrkir	(5.700.000)	(5.900.000)
Nefndarlaun	(225.775)	(150.000)
	<u>(5.925.775)</u>	<u>(6.050.000)</u>
	<u>(65.775)</u>	<u>(140.000)</u>

10.6. Stórverkasjóður

Stórverkasjóður í ársbyrjun	0	0
Framlag úr Menningarsjóði	4.400.000	4.340.000
	<u>4.400.000</u>	<u>4.340.000</u>
Styrkir	(4.200.000)	(4.100.000)
Nefndarlaun	(270.000)	(240.000)
	<u>(4.470.000)</u>	<u>(4.340.000)</u>
	<u>(70.000)</u>	<u>0</u>

10.7. Ferðasjóður

Ferðasjóður í ársbyrjun	101.485.570	101.420.570
Tillag ársins (ávöxtun sjóðs)	5.953.000	3.000.000
Styrkveitingar ársins og nefndarlaun	(3.375.000)	(2.935.000)
	<u>104.063.570</u>	<u>101.485.570</u>
	<u>107.616.101</u>	<u>106.717.315</u>

Samtals eigið fé sjóða.....

Skýringar

11. Óráðstafað eigið fé

Til ráðstöfunar:

	2024	2023
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun	771.318.450	675.934.488
Hreinar tekjur ársins	1.062.438.529	1.035.811.643
Gengismunur erlendra úthlutana	0	4.696.842
Sértekjur sjóða í vörslu STEFs	(26.958.857)	(25.212.167)
Sértekjur Tónskáldasjóðs RUV og STEFs	(16.796.660)	(13.576.628)
Hlutdeild Tónlistarsjóðs kirkjunnar skv. samningi	(3.319.191)	(3.080.416)
Til ráðstöfunar.....	1.786.682.271	1.674.573.762

Ráðstöfun:

Tillög í Ferðasjóð	(5.953.000)	(3.000.000)
Framlag í Menningarsjóð	(48.200.000)	(42.000.000)
Úthlutun innanlands	(613.758.263)	(619.069.943)
Úthlutun til útlanda	(222.083.098)	(191.068.492)
Úthlutun til útlanda vegna Netflix	(192.022.151)	0
Biðreikningur vegna innheimtu hjá NMP	(9.473.350)	(48.116.877)
Ráðstafað alls.....	(1.091.489.862)	(903.255.312)
Óráðstafað eigið fé í árslok	695.192.409	771.318.450

12. Yfirlit yfir úthlutanir á árinu

Eftirfarandi er yfirlit yfir úthlutanir ársins sem er hluti af ráðstöfunum óráðstafaðs eigin fjár í skýringu 11 og sjóða í skýringu 10.

	2024	2023
Úthlutanir:		
Aðalúthlutun (2x á ári)	296.385.867	272.520.439
NCB/NMP v. útgáfu og tónlistarveita (4x á ári)	114.984.627	97.623.154
Tónleikar (2x á ári)	44.271.452	31.387.169
Flutningur erlendis (4x á ári)	158.116.317	217.539.181
Innanlands samtals	613.758.263	619.069.943
Erlend úthlutun (til STIM)	222.083.098	191.068.492
Erlend úthlutun (til STIM v. Netflix v. Q1 2016 - Q2 2024)	192.022.151	0
	1.027.863.512	810.138.435
Styrkir og úthlutanir sjóða:		
Styrkir og verkefni Menningarsjóðs	37.452.296	34.481.862
Styrkir úr Nótnasjóði	10.220.000	8.695.000
Styrkir úr Upptökusjóði	11.800.000	12.100.000
Framlag í Tónskáldasjóð RUV og STEFs	16.796.660	13.576.628
Styrkir úr Tónskáldasjóði Bylgjunnar og STEFs	5.700.000	5.900.000
Styrkir úr Stórverkasjóði	4.200.000	4.100.000
Styrkir Ferðasjóðs	3.375.000	2.935.000
Innanlands samtals	89.543.956	81.788.490
Erlend úthlutun Upptökusjóðs (greitt til STIM)	6.050.000	6.080.000
	95.593.956	87.868.490
Úthlutanir ársins.....	1.123.457.468	898.006.925

Skýringar

13. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Skattamál

Samtökin eru ekki í tekjuskattskyldri starfsemi. Fjármagnstekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir skattstofnum fjármunatekna og gildandi skatthlutfalli.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð.

Verðmatshækkunarir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.